



Akstursmat

Reglur - umgjörð



Umferðarlög 27. apríl 2007



(Fyrstu reglur um akstursmat tóku gildi 1. janúar 2003)

Fullnaðarskírteini til byrjanda má gefa út, fullnægi hann eftirtöldum skilyrðum:

- a. hafi haft bráðabirgðaskírteini samfelld í eitt ár, farið í akstursmat og fengið að því loknu staðfestingu öku kennara þar að lútandi,
- b. hafi ekki á síðustu 12 mánuðum fengið punkt í punktakerfi vegna umferðarlagabrots eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna akstursbanns eða sviptingar.

Fullnægi byrjandi ekki skilyrðum b-liðar 6. mgr. má endurnýja bráðabirgðaskírteini að loknum gildistíma þess. Fullnægi hann hins vegar skilyrðum b-liðar 6. mgr. og fari í akstursmat, sbr. a-lið 6. mgr., má gefa út fullnaðarskírteini.

(úr 51. gr.)

Reglugerð um ökuskírteini



- 56. gr. a:
- Ökumaður getur fengið fullnaðarskírteini að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - a.hann hafi verið handhafi bráðabirgðaskírteinis samfelld í eitt ár
 - b.hann hafi ekki fengið punkta vegna umferðarlagabrota á síðustu tólf mánuðum fyrir umsókn um fullnaðarskírteini
 - c.hann hafi farið í akstursmat, sbr. ákvæði VIII. viðauka.
- Í akstursmati felst að kannað er hvort mat ökumanns á eigin aksturshæfni, akstursháttum og öryggi í umferðinni er í samræmi við raunverulega getu hans.
- Akstursmat má við útgáfu ökuskírteinis ekki vera eldra en sex mánaða.
- 84. gr.:
- Fyrir hvert akstursmat skal greiða sérstakt gjald samkvæmt gjaldskrá þess aðila er annast akstursmatið.

Viðauki VII reglugerðar



- Markmið akstursmats er að ökumaðurinn geri sér grein fyrir hæfni sinni og getu í umferðinni með tilliti til umferðaröryggis.
- Akstursmat fer þannig fram að ökumaður lýsir fyrir ökukennara eigin mati á aksturshæfni sinni og öryggi í umferðinni. Að því loknu skal ökumaður aka og skal ökukennari fylgjast með akstrinum og skrá hjá sér athugasemdir um þau atriði sem hann telur jákvæð og neikvæð í akstrinum.
- Aksturinn skal fara fram þar sem reynir á sem flesta þætti sem upp geta komið í daglegri umferð. Hæfni ökumanns í umferð skal metin á vegum í þéttbýli, við mismikinn umferðarpunga, þar sem akstursskilyrði geta talist dæmigerð fyrir þá erfiðleika sem geta orðið á vegi ökumanna, þannig að verulega reyni á ökuhæfni ökumannsins. Ökukennarinn ákveður hluta akstursleiðarinnar og hluta ákveður ökumaðurinn.

Viðauki VII reglugerðar



- Að akstrinum loknum lýsir ökumaðurinn fyrir ökukennaranum hvernig honum finnst að sér hafi til tekist og hvað hefði betur mátt fara. Ökukennarinn ber lýsingu ökumannsins saman við sínar niðurstöður og ræðir misræmi sem kann að vera þar á við ökumanninn. Að því loknu staðfestir ökukennarinn að akstursmatið hafi farið fram.
- Gert er ráð fyrir að akstursmat taki 50 mínútur, þar af aksturinn 30 mínútur og úrvinnsla og niðurstaða 15 mínútur þar sem ökumaðurinn og ökukennarinn ræða hvernig bæta megi öryggi ökumannsins.
- Löggiltir ökukennarar annast akstursmat. Umferðarstofa setur reglur um, akstursmat, meðal annars um þjálfun ökukennara, gefur út nánari leiðbeiningar um framkvæmd þess og annast eftirlit með framkvæmdinni.

Upplýsingar um akstursmat?



- Reglugerð um ökuskírteini
- Vefsíða Umferðarstofu ökunám/akstursmat
 - ökukennarar í akstursmati
 - eyðublöð
 - auglýsingar um námskeið - skráning
 - fréttir
- Upplýsingar í ökunámsbók
- Kynning í ökuskólum – hjá ökukennurum
- Lögregla - sýslumenn

Hverjir fara ekki í akstursmat?



- Útlendingar sem eru að skipta erlendu ökuskrifteini í íslenskt, með eða án prófs
- Þeir sem eru að endurnýja fullnaðarskrifteini
- Eldri ökumenn sem lenda í tíðari endurnýjun eftir 71 árs aldur
- Sviptir sem fá ökuskrifteini á ný
- Akstursmat kemur ekki í stað ökuþrófs, hæfnisþrófs eða hæfnisathugunar

Umfang akstursmats -

staðin ökuþróf til B réttinda 2007



Reykjavík og nágr.	3.716
Keflavík, Suðurnes	344
Akranes / Vesturland	321
Ísafjörður / Vestfirðir	136
Sauðárkrókur / Norðurland vestra	165
Akureyri / Norðurland Eystra	683
Egilsstaðir / Austurland	100
Vestmannaeyjar	69
Selfoss / Suðurland	357
ALLS	5.891